

Akraneskaupstaður  
Stillholti 16-18  
300 Akranes

Reykjavík 25. október 2018  
UST201810-073/A.B.  
10.04.02

### Efni: Lýsing - Breyting á Aðalskipulagi Akraness 2005-2017 – Grenjar

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarssviðs Akraneskaupstaðar er barst 5. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að aðal- og deiliskipulagsbreytingu á Grenjum á Akranesi.

Í lýsingu kemur fram að fyrirhuguð breyting á aðalskipulagi mun felast í nánari skilgreiningu þeirrar starfsemi, sem heimil verður á hafnarsvæði H3, en þar mun standa í skipulagsákvæðum: „Á svæðinu er gert ráð fyrir skipasmíði, skipaviðgerðum, hafnsækinni starfsemi, iðnaðarframleiðslu og þjónustu við sjávarútveg, fiskiðnað og annan matvælaiðnað.“

Auk þess segir í lýsingu að fyrirhuguð breyting á deiliskipulagi muni felast í nýjum byggingareit vestan og sunnan núverandi iðnaðarbyggingar fyrir um 2.500 m<sup>2</sup> byggingu.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það komi fram í tillögunni hversskonar starfsemi er fyrirhuguð á byggingarreitnum. Auk þess er mikilvægt að það komi fram hvernig aukin starfsemi á svæðinu muni hafa áhrif á fráveitumál, úrgangsmál og loftgæði.

Umhverfisstofnun vill benda á landsáætlun um meðhöndlun úrgangs fyrir tímabilið 2013-2024 og lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Í áætluninni eru sett fram tímasett markmið sem öll miða að því að bæta nýtingu auðlinda og lágmarka þau neikvæðu áhrif sem myndun og meðhöndlun úrgangs hefur á umhverfið og heilsu manna.

Einnig vill Umhverfisstofnun benda á aðgerðaáætlun íslenskra stjórnvalda í loftslagsmálum sem er hugsuð sem tæki sem stjórnvöld geta notað til að draga úr notkun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi til að tryggja að Ísland nái markmiðum Parísarsamningsins og kolefnishlutleysi árið 2040.

Í gildandi Aðalskipulagi segir: „Hverfisverndarsvæði Hv1 og Hv2 mynda ásamt friðlandinu í Blautósi og Innstavogsnesi N1 samfellt verndarsvæði með norðurströnd bæjarlandsins. Ströndin er vernduð vegna landslags, náttúrufars og fuglalífs auk þess sem svæðið hefur mikið útvistargildi.“

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að Blautós er einnig hluti tillögu Náttúrufræðistofnunar Íslands að b-hluta náttúruminjaskrár, en svæðið er tiltölulega ósnortið, lífríkt og afar sérstætt vegna fjörumós, auk klóþangsklungurs og sandmaðksleiru. Svæðið er alþjóðlega mikilvægt sem viðkomustaður margæsa.

Einnig bendir Umhverfisstofnun á að svæðið Akranes er hluti tillögu Náttúrufræðistofnunar Íslands að b-hluta náttúruminjaskrár, en svæðið er m.a. ríkt þangi, fjörupollum og glufóttur fjörubeðurinn fóstrar fjölskrúðugt lífríki.


Umhverfisstofnunar telur mikilvægt að það komi fram í tillögunni hver áhrif skipulagsbreytingarnar hafi á ofangreind verndarsvæði, þar sem það er mat Náttúrufræðistofnunar Íslands að helstu ógnir þessara svæða eru m.a. mengun og rask vegna hafnar og tilheyrandi starfsemi.

Að mati Umhverfisstofnunar er í ofangreindri lýsingu að öðru leyti, gerð grein fyrir þeim þáttum sem þörf er á og í því umfangi sem tillagan gefur tilefni til.



Axel Benediktsson  
Sérfræðingur

Virðingarfyllst



Kristín S. Jónsdóttir  
Sérfræðingur